

1.fundur stjórn Foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla. Fámennt og góðmennt þar sem Elfa Hlín, Katla og Kristinn boðuðu forföll. Ekki komið melding frá Evu.

Mætt voru því : Óli, Halla Dröfn og Sigurveig.

1. Skipulag í vetur: Rætt aðeins um verkaskiptingu og fundarplan.
 - a. Ákveðið að hafa fastan fundartíma mánaðarlega fund 1.mánudag í mánuði kl.17.
 - b. Rætt um verkaskiptingu, Elfa Hlín var búin að bjóðast til að vera áfram gjaldkeri, Sigurveig býður sig fram sem ritar og svo stingum við uppá Kristni sem formanni og Kötlu sem viðburðar-stjórnanda. Verður tekið fyrir og leitað eftir samþykki við viðkomandi aðila sem fyrst.
 - c. Viðburðir eða möguleg verkefni í vetur: Myrkaball í lok október (í samvinnu við nemendaráð), stundum verið eitthvað jólakósí, fræðsla (spurning að endurvekja samtal við Elvu Klausen um sátt og seiglu sem leið til jákvæðni og umburðarlyndis), samtal við önnur foreldrafélög um mögulega fræðslu, einhver vor(verka)dagur, mætti skoða aðra viðburði s.s. töframannanámskeið fyrir krakkana.
 - d. Skólaráðsfundur: Sigurveig sendir tölvupóst á skólastjórnendur og óska eftir að fá upplýsingar um hvenær fundir eru. Skiptum mætingu á milli okkar eftir því sem hentar.
2. Fjölskyldulundur. Búið er að vinna mikið í þessu verkefni í vor og nú hyllir í næsta hluta en Kristinn heldur utan um þá vinnu með aðstoð frá Elvari. Grindin að vegg og þaki er í vinnslu og væntanlega kallað til vinnudags von bráðar.
3. Foreldrafundir í bekkjum eru í næstu viku: skiptum á milli okkar að segja frá foreldrafélaginu á öllum stigum. Umræður um tenglastarf og mögulega hvetja til einstakra viðburða með hverju stigi fyrir sig s.s. eins og félagsvist var í fyrra fyrir unglingastig, mætti vera með pizza-gerð og bíó, feluleik í myrkri í gamla skóla o.s.v..
4. Skv. aðalfundi í vor var enn til afgangur af bláu kubba söfnun og átti að fá hugmyndir barnanna hvað mætti nýta það. Óskum eftir liðsinni frá skólastjórnendum að fá hugmyndir sem er hægt að nýta við þetta. – Sigurveig sendir tölvupóst.

Næsti fundur er mánudaginn 6.október kl.17. -Matsalur HSA á heilsugæslu. Samskipti á FB grúppu á milli eftir þörf. Fundi slitið kl.17:53